



## ALDARAFMÆLI ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGS ÍSLENDINGA Í NORÐUR-AMERÍKU

Ávarp forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar

Winnipeg  
17. maí 2019

Forsætisráðherra Manitoba,  
forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi,  
forseti Þjóðræknisdeildarinnar Fróns,  
kæru Vestur-Íslendingar  
og aðrir góðir gestir

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég ykkur fyrir þá velvild og þann hlýhug sem við höfum notið í heimsókn okkar hingað til Winnipeg í Manitoba í Kanada. Ég færi ykkur einnig kveðjur frá Íslandi, frá íslensku þjóðinni.

Það var hér í þessari borg, fyrir rúmri öld, að blásið var til þings. Liðsmenn hins nýstofnaða Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi komu saman og nú, hundrað árum síðar, minnumst við þess góða frumkvæðis og árunum félögum að fornu og nýja allra heilla. Um leið fögnum við aldarafmæli Þjóðræknisdeildarinnar Fróns hér í Winnipeg.

Góðir áheyrendur! Nafn Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi er hljómfagurt á ensku og þjóðrækni er fallett orð íslensku. Það er vel sett saman, vísar til þjóðar, hóps fólks sem á sitthvað en ekki allt sameiginlegt úr fortíð, kýs að teljast að mestu ein heild í samtímanum og vill bæta saman eigið líf og næstu kynslóða.

Í huga okkar Íslendinga skiptir tungan hér sköpum, okkar einstaka tungumál sem við verðum að nota og efla í dagsins önn svo að við höldum áfram að vera þjóð meðal þjóða, fólk sem hefur eitthvað fram að færa í fjölbreyttri menningu mannkyns. Við erum smáþjóð; án tungunnar missum við sérkenni okkar og sérstöðu.

Landið sjálft er einnig þungamiðja okkar þjóðarímyndar, ægileg fegurð þess og ekki síður þau gæði og auðlindir sem við eigum saman, Íslendingar, eins og við staðfestum vonandi senn í stjórnarskrá okkar.

Þeir Íslendingar, sem ákváðu á sinni tíð að freista gæfunnar hér vestra, báru því vitni sem ég nefni hér. Þeir unnu tungunni, notuðu hana í dagsins önn og næstu kynslóðir sömuleiðis þótt úr því drægi að sjálfsögðu í tímans rás. En blöð voru gefin út á íslensku, messur voru fluttar á íslensku, rifist var á kjarnyrtri íslensku. Og fólk saknaði margt gamla landsins – jafnvel þess sem hafði gert lífið svo leitt, veðurhamsins og hrjóstrugra mela.

Seinni hluti orðsins þjóðrækni er dreginn af sögninni að rækja, leggja rækt við, hirða um eitthvað. Skyld orð er frændrækni, að vilja vita um hagi ættfólks síns, sinnar eigin fjölskyldu. Frændrækni er lofsverð en öllu verri er frændhygli, að ívilna skyldfólki sínu á kostnað annarra. Að sama skapi er þjóðrækni til fyrirmyndar en þjóðremba alls ekki. Hún felur í sér gorgeir og þótta í garð annarra, dramb og yfirlæti. Þjóðremba elur á óvild, þjóðrækni snýst um umburðarlyndi, víðsýni og náungakærleik.

Þetta eru engin tíðindi, kæru áheyrendur. Fögnum endilega heilbrigðri þjóðrækni en afneitum hrokafullri þjóðrembu. Um leið getum við hæglega virt menningararf þjóða, sígilda siði á borð við samstöðu og mannúðar – dyggðir sem íslensku landnemarnir hér þurftu svo sannarlega að nýta á sínum tíma. Og metum að verðleikum fórnir fyrri kynslóða. Þær voru færðar svo að við, sem á eftir komum, fengjum notið meiri lífsgæða og öryggis. En samt, kæru vinir, megum við ekki festast í fjötrum fortíðarþrár, í neti nostalgíu.

Kæru Vestur-Íslendingar og aðrir góðir áheyrendur! Við komum hér saman á hátíðarstundu. Við fögnum tímamótum og rifjum upp liðna tíð. Það var árið 1875 að fyrstu Íslendingarnir komu að Winnipegvatni og reistu sér bú, á Nýja Íslandi. Þeir komu ekki að ónumdu landi. Frumbyggjar bjuggu á þessum slóðum. Landið var þeirra og sú staðreynd er hluti af sögu vesturfaranna frá Íslandi.

Fólksflutningarnir miklu voru hafnir. Þúsundir fylgdu í kjölfarið, á þessar og aðrir landnemabyggðir í Norður-Ameríku. Eldgos og hafís, hörkur og harðindi, þann heim buðu náttúruöflin þjakaðri þjóð á þessum árum. Ekki bætti úr skák að mörgu ungu fólki fannst að sér þrengt í stöðnuðu bændasamfélagi, einkum þegar veröld ný og góð virtist bíða vestra. Einn morgun bar það til á Íslandi að unglingsstúlka, Sigríður Erlendsdóttir, gekk til föður síns, lagði hendur um háls hans og sagði: „Ég hef staðráðið með mér, elsku pabbi, að fara til Ameríku. Ég get ekki séð neina framtíð fyrir mig hér heima.“ Við skipshlið var skilnaðurinn sár, tár á hvarmi. Þau mæðgin hittust aldrei aftur.

Þessu sögu eigum við saman, við Íslendingar okkar daga og þið Vestur-Íslendingar sem sýnið okkur svo mikinn sóma með ræktarsemi ykkar, með þjóðrækni ykkar. Og söguna sem við eigum saman getum við þrátt fyrir allt nýtt til góðra verka, til að blása okkur í brjóst bjartsýni. Því saga okkar Íslendinga, saga ykkar Vestur-Íslendinga, saga ykkar kanadísku gestgjafa okkar hjóna, er að mestu saga framfara. „Ég get ekki séð neina framtíð fyrir mig hér heima,“ sagði stúlkan. Árið 1915 fengu konur loks kosningarétt til Alþingis heima á Íslandi. Þá sagði Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sá mikli kvenskörungur sem fór fyrir íslenskum konum og réttindabaráttu þeirra: „Vér heilsum glaðar framtíðinni, þar sem karlar og konur vinna í bróðerni saman að öllum landsmálum, bæði á heimilunum og á Alþingi.“

Þarna var heimastjórn þegar fengin, fullveldi í auglýsingu og búið að renna öðrum stöðum undir það samfélag framfara, jafnra tækifæra og velmegunar sem við höfum síðan reynt að móta, efla og styrkja. Og þrátt fyrir allan okkar ágreining, átök og ólíkar þarfir er það enn einkenni okkar íslensku þjóðar að meira sameinar okkur en hitt sem sundrar okkur.

Þetta gildir einnig um ykkur, ágætu gestgjafar, ágætu Kanadamenn. Eflaust kannist þið við þá lýsingu, að þið séuð öllum öðrum kurteisari og viðmótsþýðari, Auðvitað má varast alhæfingar, einkum ef þær verða klisjukenndar. Hinu vil ég þó halda til haga að héraðs hef ég aðeins mætt góðvild og hlýhug.

Hitt virðist mér vísindalegra að álykta sem svo að það frjálsslyndi og þá samheldni, sem sjá má víða í kanadíska samfélagi, megi rekja til þess að þið eruð í megindráttum þjóð innflytjenda. Og íslenskri þjóð er heiður að því að eiga skerf í þeirri mótunarsögu Kanadaríkis.

Í áraradír hafa Kanadabúar og Bandaríkjamenn, sem eru af íslensku bergi brotnir, lagt sitt af mörkum, gegnt ábyrgðarstöðum og bætt samfélagið á marga vegu. Þetta gerið þið enn og munuð halda því áfram ef að líkum lætur. Þetta fyllir okkur heilbrigðu stolti; ættræknin segir til sín.

En hvaða einkenni komu frá okkur? Hvað lögðum við í púkkið? Hér hef ég lofað sanna þjóðrækni, stoltur af ættjörð minni og þjóð, en hér hef ég líka minnt á nauðsyn hreinskilni og raunsannra frásagna í stað glansmynda, og það verður að segjast eins og er að þótt landar mínir séu alla jafna vingjarnlegir er sjaldan sagt um Íslendinga að þeir séu yfirmáta kurteisir, biðjandi afsökunar í bak og fyrir. Sá kostur Kanadamanna kemur einhvers staðar annars staðar frá.

Já, hvernig erum við Íslendingar? Um leið: Hvernig eruð þá þið, Vestur-Íslendingar, því eru það ekki gild sannindi sem finna má í íslensku spakmæli, að hverjum bregði í sína ætt? Í lýsingu á íbúum Íslands fyrir um þúsund árum voru þeir sagðir lifa „lífi sínu í heilögum einfaldleik ... þar sem þeir heimta ekkert meira en náttúran veitir þeim ...“

Tómlátir og svifaseinir vorum við víst líka, segir í fornum sögum. Einhvern veginn komumst við þó af, lifðum af hallæri, hamfarir og harðindi, öld fram af öld. Í nýrri skáldsögu rithöfundarins Hallgríms Helgasonar um Ísland þeirra ára, sem vesturfarir voru í algleymingi, er Íslendingum lýst þannig að þeir séu „... þrautgóðir og útsjónarsamir, hjálpsamir flestum og reddingasamir, allra þjóða bestir í að bregðast við óvæntum aðstæðum, en fátt kvaldi þá meira en fastar stærðir, vel undirbúnar ákvarðanir, gerðir samningar og fastmótaðar áætlanir ...“

Eimir ekki af öllu þessu enn þann dag í dag? Að vísu þykir efnishyggja hrjá margan Íslending um þessar mundir og við munum vera einkar sólgildir í nýjustu tæki og tól; hinn heilagi einfaldleikur er kannski farinn veg allrar veraldar. Eftir stendur þó annað skapferli sem hefur haldið í okkur lífi í aldanna rás, og hjálpaði vesturförunum sömuleiðis; þrautseigja og þrjóska, samstaða þegar þörf krefur en sundurlyndi þess á milli, og sú þversagnakennda blanda af agaleysi og æðruleysi sem kemur okkur í vandræði en út úr þeim aftur og má draga saman í því hugtaki sem Íslendingar taka sér gjarnan í munn: „Þetta reddast!“

Kæru vinir! Mun þetta ekki reddast áfram? Við fögnum hér aldarafmæli þjóðræknisfélagsins. Munu niðjar okkar koma saman að hundrað árum liðnum? Það vitum við auðvitað ekki. Framtíðin er óráðin, og þess vegna er hún fögur.

En að okkur steðja ógnir. „Náttúran er okkar musteri,“ segir Björk, einn okkar þekktasti listamaður, og minnir okkur sífellt á skyldur okkar gagnvart landinu sem við höfum fengið til afnota, ekki til eyðileggingar.

Og hver verður framtíð íslenskrar tungu? Mun hún lifa og dafna í alþjóðavæddum heimi? Smám saman hættu Vestur-Íslendingar að mæla á henni á nýjum stað, Lestin varð að „trein“ og „treininu“ með ákveðnum greini. Vissulega lifðu ýmis orð óbreytt, amma og afi, og sum breyttust lítt; kleinur urðu víst að „kleiner“ svo að eitt dæmi sé tekið. Svona geta tungumál látið undan síga og hér í Vesturheimi var auðvitað sjálfsagt að fólk lagaði sig að nýjum aðstæðum, nýjum veruleika. Eins langt þurfum við hins vegar ekki að ganga heima og ég held reyndar að ykkur myndi þykja það súrt í broti ef sú yrði raunin. Fyrir nokkrum árum, þegar ég kenndi sagnfræði við Háskóla Íslands, naut ég þess mjög að taka á móti gestum héðan á vegum Snorraverkefnisins góða sem Ásta Sól Kristjánsdóttir leiddi svo dyggilega; í nýju embætti hefur mér áfram hlotnast sama ánægja, með ögn breyttum hætti.

Þessi ræktarsemi ykkar við gömlu ættjörðina fyllir okkur heima stolti, gerir okkur vonandi enn ákveðnari í að verja og efla tungu okkar og menningararf. En það verður þá að vera heilbrigt stolt og vörnin má ekki vera freklega stíf.

Því hvort mun ríkja í óræðri framtíð, þjóðrækni eða þjóðremba, þjóðarofstæki? Fyrir nær 150 árum reis landnemabyggð hér nærri, Nýja Ísland, í landi tækifæra fyrir þá sem komu langt að í leit að betra lífi. Nú er að verða til nýtt Ísland heima. Síðustu ár og áratugi hefur íslenskt samfélag tekið stakkaskiptum. Nú er rúmlega tíundi hver Íslendingur af erlendu bergi brotinn.

Skilgreining okkar á íslenskri þjóð verður að taka mið af nýjum tímum. Sú skilgreining verður að vera víð og opin. Á því geta allir hagnast og engir lýsa því betur en fólkið sjálft sem kemur að utan. Ein þeirra er Ana Stanićević, dóttir Snežönu og Dragans, Mjallhvítar og Dreka á íslensku eins og Ana lýsti í Ríkisútvarpinu á þjóðhátíðardegi okkar, 17. júní, fyrir fimm árum: „Ég er Ana Mjallhvít Drekadóttir. Ég er Ana með einu n-i. Á Íslandi er ég reyndar með löngu a-i. Íslendingar kalla mig Önu – og eins gott þeir beygi mig! Þegar þú setur nafnið mitt inn í beygingarmynstur íslenskunnar ertu að taka mig í faðm þér. Hér vil ég vera, hér á ég heima. Í samlífi eldgosa og jökla. Í spennu íssins og eldsins. Í samkeppni ljóss og myrkurs.“

Já, kærur vinur, þetta er alveg hægt. Þetta getur alveg reddast. Það hafa Vestur-Íslendingar sýnt hér í hundrað ár og gott betur og það skulum við áfram sýna, í þessu góða landi og líka heima á Íslandi, án þjóðrembu en fullir þjóðrækni. Ég óska ykkur aftur hjartanlega til hamingju á hinum miklu tímamótum og óska ykkur öllum velfarnaðar.